

Skilmálar fyrir notkun hleðslustöðva á starfsmannastæði flugstöðvar

1. Tilgangur

Tilgangur þessara skilmála er að tryggja sanngjarna, örugga og skilvirka notkun hleðslustöðva á starfsmannastæði flugstöðvar. Skilmálarnir eiga að stuðla að jafnri nýtingu hleðsluaðstöðu og koma í veg fyrir misnotkun. Ábyrgðaraðili hleðslustöðva er Bílastæðapjónusta KEF, hér eftir nefnd Rekstraraðili.

2. Gildissvið

Skilmálarnir gilda fyrir allt starfsfólk flugstöðvar sem hefur heimild til að leggja bíl á starfsmannastæði KEF og nýta hleðslustöðvar þar. Með því að nýta þér hleðslustöðvarnar samþykkir þú skilmála þessa.

3. Almenn notkunarskilyrði

- Hleðslustæði eru eingöngu ætluð raf- og tengiltvinnbílum meðan virk hleðsla fer fram
- Óheimilt er að leggja bifreið í hleðslustæði án þess að hleðsla sé í gangi
- Notendur bera sjálfir ábyrgð á að tryggja að rétt tenging og notkun búnaðar sé ávallt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda ökutækis og e1 hleðslustöðvar
- Ekki skal skilja bifreið eftir í hleðslu að eftir að hleðslu lýkur.

4. Verðskrá og gjaldtaka

- Gjaldtaka fyrir hleðslu er samkvæmt gildandi verðskrá fyrir AC hleðslu á starfsmannastæði
- Notendur eru ábyrgir fyrir þeim kostnaði sem hlýst af hleðslu, þar með talið orkugjaldi og tímagjaldi eftir því sem við á
- Tenging við hleðslustöð og greiðsla fer í gegnum e1 appið.
- Verðskrá má finna í e1 appinu sem er að finna í Playstore (Android) og Applestore (iPhone). Leiðbeiningar má finna á vefsíðu e1 (www.e1.is)

5. Tímalengd og nýting hleðslustæða

- Fyrstu fjórar (4) klukkustundir hleðslu eru án tímagjalds
- Að loknum fjórum (4) klukkustundum tekur tímagjald við samkvæmt verðskrá
- Notendum er skylt að fjarlægja bifreið sína af hleðslustæði innan hæfilegs tíma eftir að hleðslu lýkur til að tryggja að aðrir hafi aðgang að stöðinni

6. Eftirlit og viðurlög

- Rekstraraðili áskilur sér rétt til að láta fjarlægja ökutæki sem eru lagðar í hleðslustæði án þess að hleðsla fari fram eða eru í augljósri andstöðu við skilmála þessa
- Séu skilmálar þessir brotnir ítrekað eða hleðsluaðstaða misnotuð, áskilur rekstraraðili sér rétt til að:
 - Loka fyrir aðgang viðkomandi starfsmanns að hleðslustöðvum.
 - Afturkalla eða takmarka aðgang viðkomandi að starfsmannastæði

7. Ábyrgð og tjón

- Rekstraraðili ber ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða á bifreiðum eða hleðslubúnaði vegna rangrar notkunar, vanrækslu eða atvika utan hans valds
- Notkun hleðslustöðva er á ábyrgð notanda

8. Hleðslustöðvar

- Hleðslustöðvarnar koma frá HS Orku og fer stýring þeirra í gegnum e1
- Stöðvarnar eru AC hleðslustöðvar (Type2) og geta þær skilað allt að 22kw hleðslu
- Raunveruleg hleðslugeta ræðst af:
 - Tæknilegri hleðslugetu ökutækis
 - Fjölda ökutækja í hleðslu hverju sinni
 - Álagsstýringu hleðslustöðva

9. Gildistaka og breytingar

Skilmálar þessir taka gildi samhliða því að hleðslustöðvar á starfsmannastæði flugstöðvar eru teknar í notkun

Rekstraraðili áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og verðskrá með hæfilegum fyrirvara.